

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2009****2009/EES/47/02****frá 29. maí 2009****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/77/EB frá 25. janúar 2008 um samþykkt áætlana fyrir árið 2008 um að útrýma svínapest í villtum svínum og um neyðarbólusetningu þeirra gegn sjúkdómnum í Búlgaríu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB frá 28. janúar 2008 um breytingu á ákvörðun 2005/59/EB að því er varðar svæði í Slóvakíu þar sem hrinda á í framkvæmd áætlunum um útrýmingu svínapestar í villtum svínum og um neyðarbólusetningu þessara svína gegn svínapest ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/97/EB frá 30. janúar 2008 um breytingu á ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin stjórnsýslusvæði á Ítalíu séu opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*) og ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin stjórnsýslusvæði á Ítalíu séu opinberlega laus við berkla í nautgripum og öldusótt í nautgripum og að tiltekin stjórnsýslusvæði í Póllandi séu opinberlega laus við smitandi nautgripahvítblæði ⁽⁴⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 281, 24.10.2008, bls. 35.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/159/EB frá 22. febrúar 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/683/EB um samþykkt áætlunar um að útrýma svínapest í villtum svínum á tilteknum svæðum í Ungverjalandi ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Íslands eða Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/59/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
„– **32008 D 0088**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB frá 28. janúar 2008 (Stjtið. ESB L 28, 1.2.2008, bls. 34).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/683/EN) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 23, 26.1.2008, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 28, 1.2.2008, bls. 34.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 32, 6.2.2008, bls. 25.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 51, 26.2.2008, bls. 21.

„eins og henni var breytt með:

- **32008 D 0159**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/159/EB frá 22. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 51, 26.2.2008, bls. 21).“
- 3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 43. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/870/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
 - „44. **32008 D 0077**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/77/EB frá 25. janúar 2008 um samþykkt áætlana fyrir árið 2008 um að útrýma svínapest í villtum svínunum og um neyðarbólusetningu þeirra gegn sjúkdómnum í Búlgaríu (Stjtið. ESB L 23, 26.1.2008, bls. 28).
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
- 4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:
 - „– **32008 D 0097**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/97/EB frá 30. janúar 2008 (Stjtið. ESB L 23, 26.1.2008, bls. 28) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 281, 24.10.2008, bls. 35.“

2. gr.

Norskur texti ákvarðana 2008/77/EB, 2008/88/EB, 2008/97/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 281, 24.10.2008, bls. 35, og 2008/159/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.